

Nr. 10/1902:

Kristján C. Magnússon
gegn

Carl J. Guðmundssyni.

D ó m u r:

Með dómi aukaréttar Suður-Múlasýsla, upp-
kveðnum 12. nóv. 1901, var áfrýjandinn Kristján
C. Magnússon á Einarstöðum dæmdur til þess að
greiða stefnda kaupmanni Carl J. Guðmundssyni
á Stöðvarfirði verzlunarviðskiftaskuld að upphæð
249 kr. 49 a. og 5% vexti af skuldiinni frá stefnu-
degi 26. marz 1901 til borgunardags. Um máls-
kostnað er ekkert ákvæði í dómsniðurlaginu, og
hefir hann því fallið niður. Dómi þessum hefir
Kristján C. Magnússon skotið til yfirdómsins með
stefnu, útgefinni 6. maím. 1902, og krafist þess hér
fyrir réttinum, að upphæð skuldarinnar, eins og hún
er ákveðin í dóminum, verði færð niður um 85
kr. 18 a., og að stefndi verði dæmdur til að greiða
allan kostnað málsins fyrir báðum réttum, en sér-
staklega allan þann kostnað, sem leiddi af réttar-
haldi því, »sem fram átti að fara 11. maí 1901«. Stefndi kaupmaður Carl J. Guðmundsson hefir af
sinni hálfu krafist þess, að aukaréttardómurinn
verði staðfestur og að áfrýjandi verði látinn greiða
allan kostnað af málsskotinu með einhverri nægi-
legri upphæð eftir mati yfirdómsins. Sérstaklega
mótmælir stefndi því, að hann verði látinn greiða
nokkurn kostnað fyrir aðgjörðir undirdómarans,
og er með því átt við kostnað, sem talið er að

leitt hafi af réttarhaldi, sem átti fram að fara 11. maí 1901, en fórst fyrir.

Mál þetta er risið út af verzlunarviðskiftum áfrýjanda við stefnda. Eftir reikningum frá stefnda, sem fram hafa verið lagðir í málinu, skuldaði áfrýjandi honum 1. jan. 1898 3.6 kr. 35 a., 1. jan. 1899 890 kr. 90 a. og 1. jan. 1900 284 kr. 49 a., og er þetta upphæð sú, sem stefndi krafði áfrýjanda um fyrir aukarétti Suður-Múlasýslu, og fekk hann dóm fyrir henni í héraði, að frádregnum 35 kr., sem voru umkrafðir vextir, er héraðsdómurinn feldi niður. Varð dómsskuldin þannig 249 kr. 49 a. Áfrýjandi hefir kannast við skuld þessa að öðru leyti en því, að hann gjörir tilkall til uppbotar á fiskverði, 2 auro fyrir hvert pd. málsfiskjar og 1 e. fyrir hvert pd. undirmálsfiskjar, ýsu og löngu, og telur hann þessa uppbot samtals 85 kr. 18 a. Framfylgdi hann kröfu þessari með gagnsókn í héraði, en undirdómarinn tók hana eigi til greina. Krefst hann þess nú fyrir yfirdóminum, að dómsskuldin verði færð niður sem þessari upphæð nemur.

Hinn 13. júní 1899 — en þá var skuld sú öll til orðin, sem er sakarefni — gjörðu málsaðilar þá sátt með sér fyrir aukarétti Suður-Múlasýslu, að áfrýjandi lofaði að greiða upp í skuld sína við stefnda — en hún var jafnframt í sættinni talin hafa verið 30. desbr. 1898 855 kr. 90 a. — »fisk þann, sem hann á nú verkadan og undir verkun, að undanskildu einu skpd. af verkuðum fiski«, og samkvæmt þessu lagði áfrýjandi allmikinn fisk

inn í verzlun stefnda í júlímán. næst á eftir. Áfrýjandi heimtar nú áminsta uppbót á verðinu fyrir þenna fisk, svo og nokkurn fisk, er hann lagði inn til verzlunarinnar í maímán. næst á undan.

Í hinni tilvitnuðu sátt er ekkert ákveðið um verð á fiskinum, og verður það eigi skilið öðru vísi en svo, að áfrýjandi hafi átt að sætta sig við það verð, sem stefndi alment gæfi viðskiftamönnum sínum á fiski þá um sumarið, og að hann gæti eigi heimitað hið hæsta verð, sem gefið kynni að verða fyrir fisk þar í bygðarlaginu, úr því að hann eigi sérstaklega áskildi sér það. Þegar þetta er athugað, og jafnframt hitt, að með ýmsum skýrslum í málinu er það gjört mjög sennilegt, að verð það, sem stefndi gaf fyrir fiskinn, hafi verið alment verð á fiski þar um slódir fram undir lok júlímán. 1899, og ekkert er komið fram um það, að hann hafi gefið öðrum viðskiftamönnum sínum herra verð fyrir fisk, verður eigi álitíð, að nægileg heimild sé til þess, að taka uppbótarkröfu áfrýjanda til greina.

Samkvæmt þessu verður að staðfesta hinn áfrýjanda dóm eftir kröfu stefnda, bæði að því er snertir skuldarupphæðina og vaxtagreiðsluákvæði hans. Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda hæfilegan málskostnað fyrir yfir-dómi, og ákveðst hann 30 krónur.

Mál þetta átti í fyrstu að takast fyrir í héraði 11. maí 1901 að Kirkjubóli í Stöðvarfirði, en það varð ekki af fyrirtekt málsins þá, með því að dómariinn gat eigi komist á staðinn sökum ofviðr-

is. Áfrýjandi lét þó mæta þar, og hefir hann krafist 55 kr. kostnaðarendurgjalds leiðandi af því. Stefnda verður þó eigi gefin sök á því, að ekkert varð af réttarhaldinu, og eftir því hvernig úrslit máls þessa eru orðin, verður þessari kröfu áfrýjanda ekki gefinn neinn gaumur.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður. Áfrýjandi Kristján C. Magnússon greiði stefnda, kaupmanni Carl J. Guðmundssyni, málskostnað fyrir yfirirdómi, 30 krónur.

Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 26/1902: Hreppsnefnd Auðkúluhrepps
gegn
P. J. Thorsteinsson & Co. á Bildudal.

D ó m u r:

Áfrýjandi, hreppsnefnd Auðkúluhrepps, gjörði stefnda P. J. Thorsteinsson & Co. á Bildudal aukaútsvar fyrir fardagaárið 1900—1901, að upphæð 15 kr., og var útsvarið lagt á salt- og fiskverzlun stefndu í Hlaðsbót í Auðkúluhreppi. 9. desbr. 1901 tók hreppstjórinn í Suðurfjarðahreppi lögtaki gjald þetta eftir kröfu áfrýjanda, með því að stefndu neituðu að greiða það. Með úrskurði fógetans í Barðastrandarsýslu, gengnum 11. jan. 1902, var lög-